

Reykjavík, 29. nóvember 2021

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgata 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að stefnu um rafleiki / rafíþróttir

UMFÍ fagnar því að fram eru komin drög að stefnu í rafleikjum/rafíþróttum. Stutt er síðan rafíþróttir/rafleikir tóku að ryðja sér rúms hér á landi. Við hjá UMFÍ höfum fylgst náið með uppgangi greinarinnar.

Vöxtur rafíþróttar/rafleikja hefur verið hraður og mörg félög farin að bjóða iðkendum sínum upp á æfingar í greininni. Stjórn UMFÍ hefur frá upphafi talið mikilvægt að íþróttahreyfingin fylgi straumum og stefnum, sérstaklega þegar nýjar greinar skjóta upp kollinum. Þegar slíkt á sér stað í grasótinni þarf að huga sérstaklega vel að sprettunni og umhverfinu svo bæði iðkendur og greinin dafni.

UMFÍ átti tvo fulltrúa í starfshópi sem mennta- og menningarmálaráðuneyti skipaði í desember árið 2020 og hafði það hlutverk að mynda stefnu um rafleiki/rafíþróttir. UMFÍ styður af heilum hug það markmið hópsins, sem var öðru fremur að efla umgjörð í kringum rafleiki/rafíþróttir. Ástæðan fyrir því er sú að stafræn áhugamál eru orðin fyrirferðamikil í samfélaginu og sífellt fleiri börn og ungmenni sem spila margskonar leiki í frítíma sínum. Lög, reglur og viðmið ná ekki fyllilega utan um stafræn áhugamál ungra iðkenda. UMFÍ telur sérstaklega mikilvægt að íþróttin/leikirnir séu stundaðar í skipulögðu starfi því þar er skipulögð íþróttaiðkun undir þaki íþróttar- og ungmennafélags með áherslu á forvarnir og lýðheilsu.

Á 52. sambandsþingi UMFÍ, sem fram fór á Húsavík í október 2021, var því fagnað að árangur hafi náðst með samvinnu UMFÍ, ÍSÍ, RÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytis við innleiðingu rafíþróttar í skipulagt íþróttar- og æskulýðsstarf. UMFÍ bjóði alla iðkendur velkomna í starfið hjá íþróttafélögum. UMFÍ leggur megináherslu á heilbrigð gildi, hreyfingu, andlega þjálfun og jákvæð samskipti í sínu starfi og aðildarfélagum. Með þau gildi að leiðarljósi sé mikilvægt að styðja aðildarfélög við að koma rafíþróttum inn í skipulagt starf, t.d. með stuðningi við þjálfaranámskeið og regluverk um starfið.

UMFÍ hefur verið virkur þátttakandi í vexti rafíþróttar hér á landi. Ungmennafélagshreyfingin hefur stutt aðildarfélög sem sýnt hafa málinu áhuga og fjallað á vefsíðu sinni og öðrum miðlum UMFÍ um þau félög sem sett hafa á stofn rafíþróttadeildir.

Í nýjasta tölublaði Skinfxa, tímariti UMFÍ, segir frá stofnun rafíþróttadeildar Þórs á Akureyri. Deildin var stofnuð í byrjun árs 2020 og eru iðkendur nú 300 talsins. Hluti iðkenda í rafíþróttum hefur ekki áður tekið þátt í skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi. Það gera þeir við iðkun rafíþróttar og því er mikilvægt að tryggja utanumhald um greinina.

Bjarni Sigurðsson, formaður rafíþróttadeildar Þórs, segir þjálfara leggja áherslu á að iðkendur rafíþróttadeildarinnar upplifi sig sem íþróttafólk sem mæti í íþróttahús og byrji æfingar í

búningsklefanum. Eftir upphitun og fræðslu fái þau að setjast við tölvurnar. Slíkt er gert á öllum öðrum stöðum og er iðkun rafíþróttar/rafleikja víðast hvar með sama hætti eða sambærileg og iðkun annarra íþróttagreina.

Nú að lokinni stjórnarmyndun er sérstaklega ánægjulegt að sjá í [stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar](#) að sett verði stefna um öflugar rafíþróttir hér á landi, ásamt því að efla skipulagt rafíþróttastarf og byggja upp innviði. Eins og talið er fram að ofan er regluverk og umgjörð mikilvæg iðkendum í rafíþróttum /rafleikjum eins og í öðrum íþróttagreinum.

Það er samfélaginu til góða.

Saman erum við öll betri

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 26 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ. Stór meirihluti félagsmanna eru börn og ungmenni og því lykilatriði að tryggja umgjörðina um starf þeirra.

Forsvarsfólk UMFÍ og ungmennaráð UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

f.h. Ungmennafélags Íslands

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson,
kynningarfulltrúi UMFÍ